

Umsögn Tónlistarmiðstöðvar um áform um atvinnustefnu Íslands til 2035, mál nr. S-144/2025

Forsætisráðuneytið

Sent á Samráðsgátt Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2025

Tónlistarmiðstöð fagnar framlagningu áforma um atvinnustefnu Íslands til 2035. Við teljum þetta mikilvægt skref í átt að markvissari stefnumótun í atvinnumálum.

Tónlistarmiðstöð leggur til að listir og skapandi greinar verði skilgreindar sem eitt af áherslusviðum atvinnustefnunnar. Í drögunum er lögð áhersla á tíu ára vaxtaráætlun með fókus á greinar sem hafa burði til vaxtar, skölunar og verðmætasköpunar. Þessi lýsing á vel við skapandi greinar.

Skapandi greinar eru þegar orðnar burðarás í íslensku atvinnulífi og búa yfir miklum vaxtarmöguleikum. Samkvæmt nýrri skýrslu menningar- og viðskiptaráðuneytis nam beint framlag þeirra 3,5% af landsframleiðslu árið 2022, eða um 150 milljörðum króna. Þær hafa vaxandi efnahagslegt vægi, stuðla að nýsköpun, samfélagslegri velferð og styrkja alþjóðlega ímynd Íslands.

Svör við spurningum samráðsgagna

1. Hver ættu helstu markmið og lykilmælikvarðar að vera næstu tíu ár?

- Skilgreina listir og skapandi greinar sem áherslusvið í atvinnustefnu Íslands til 2035.
- Tryggja mælikvarða sem endurspegla bæði efnahagslegt framlag og samfélagsleg áhrif, þar á meðal alþjóðlega ímynd og nýsköpun.
- Byggja stefnuna á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna loftlagsmarkmiði Íslands og leggja áherslu á greinar með háa framleiðni, lágt kolefnisspor og tekjumöguleika byggða á hugverkarétti.
- Efla grunnrannsóknir og þróa mælaborð sem sýna umfang og áhrif lista og skapandi greina.

2. Hvaða aðgerðir geta stjórnvöld gripið til að efla útflutning og fjölga vel launuðum störfum?

Stjórnvöld þurfa að:

- **Auka stuðning við listafólk** – tryggja fyrirsjáanleg og aðgengileg stoðkerfi, m.a. með langtímasamningum og eflingu starfslauna.
- **Styðja sprotafyrirtæki í skapandi greinum** – þannig verður stærri hluti virðis_keðjunnar innanlands.
- **Efla alþjóðlegan sýnileika** – fjárfesta í markaðssetningu, kynningum og tengslamyndun.
- **Tryggja rekstrarhæfi miðstöðva lista og skapandi greina** – þar sem þær gegna mikilvægu hlutverki er kemur að því að styðja við útflutning og fagþekkingu innanlands.
- **Byggja stefnu á traustum gögnum** – efla rannsóknir og sértæka gagnaöflun þar sem hefðbundnir mælikvarðar ná ekki nægilega vel utan um þessar greinar.
- **Fylgjast með þróun gervigreindar** og tryggja að notkun hennar fari ekki í bága við höfundarétt og frumsköpun íslensks listafólks.

3. Hvaða útflutningsgreinar geta vaxið mest og náð tugmilljarða útflutningi?

Listir og skapandi greinar eru einmitt þess eðlis:

- Há framleiðni, lágt kolefnisspor, tekjur byggðar á hugverkarétti og skalanleika.
- Verkefni í tónlist, hönnun, bókmenntum, myndlist og kvikmyndagerð hafa þegar sýnt fram á getu til að skapa tugmilljarða í útflutningstekjur.
- Skilyrði: að þekking, hugverkaréttur og virðis_keðja haldist innanlands.

Virðingarfyllt

F.h. Tónlistarmiðstöðvar



María Rut Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Tónlistarmiðstöðvar